

Mál nr. 260/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns.****Gögn.**

Málskot M, dags. 25.6.2021 ásamt fylgiskjölum.

Tölvupóstur V, dags. 24.8.2021, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi þann 17. febrúar 2019 er hún var í útreiðatúr í Víðidal í Reykjavík. Á svæðinu var brunnlok frá Veitum ohf., dótturfélagi A. Brunnlokið hafi verið laust á brunninum, en snjór var yfir jörðu og þar á meðal brunnlokinu. Hesturinn hafi stigið á brunnlokið með þeim afleiðingum að hesturinn hafi farið með framlappirnar ofan í brunninn og í kollhnís yfir M. Bæði M og hesturinn hafi slasast við fallið. Tjónið hafi verið tilkynnt til V og þess krafist að félagið viðurkenndi bótaskyldu þar sem slysið mætti rekja til háttsemi/athafnaleysis, sem Veitur beri ábyrgð á. V hafnaði bótaskyldu á þeim forsendum að engar framkvæmdir hefðu verið í gangi á vegum A á þessu svæði og engin vitneskja hefði verið til staðar fyrir slysið að lokið væri laust. Hugsanlega hafi snjóruðningstæki farið á brunninn og brotið hann.

M telur ljóst að slysið megi rekja til vanbúnaðar á brunninum/brunnlokinu og Veitum hafi borið að tryggja að frágangur slíkra brunna væri forsvaranlegur og tryggja að þeir væru ekki til þess fallnir að valda slysaðu. Umræddur brunnur hafi verið staðsettur á útivistarsvæði í Víðidal þar sem fjöldi hestamanna og hestar þeirra fari um daglega. Brunnar séu í eðli sínu mjög hættulegir og til þess fallnir að valda mikilli slysaðu sé ekki réttilega gengið frá þeim og brunnlokum þeirra. Veitum hafi mátt vera ljóst að snjóruðningstæki færi reglulega um svæðið á veturna og gera þyrfti ráðstafanir við frágang brunna þannig að engin hætta væri á að snjóruðningstæki gæti losað um brunnlok. Þá telur M að við mat á saknæmi í þessu máli verði að hafa í huga að um sé að ræða útivistarsvæði og útreiðarsvæði sem fjöldi fólks fer um daglega og að sérstök skylda hafi því hvílt á Veitum að tryggja umbúnað og öryggi við slíkar aðstæður. Jafnframt að Veitum hafi mátt vera ljóst að brunnar séu í eðli sínu hættulegir og ef slys verða þá séu líkur á að þau yrðu alvarleg.

Í tölvupósti V kemur fram að A hafi ekki verið meðvitaður um að umrætt lok væri laust og viti ekki hvernig það kom til. Því sé sök ósönnuð í málinu.

Álit:

Fyrir nefndinni liggja ljósmyndir af umræddu brunnloki. Ekki verður séð að tilvist þess og umbúnaður hafi í för með sér sérstaka slysaðu, nema það sé opið. Ekkert liggur fyrir um hvers vegna brunnurinn var opinn og ekki hefur verið sýnt fram á að A eða Veitur hafi haft vitneskju um það eða að saknæmri háttsemi A sé um að kenna. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 21. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.